

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi Vallartúns 2 á Akureyri.

Bæjarstjórn Akureyrar hefur þann 16. desember 2004 í samræmi við 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga samþykkt breytingu á deiliskipulagi lóðarinnar Vallartún 2. Breytingin felst í því að byggingarreitur stækkar um 2 m til vesturs og verður 14 m á dýpt. Bæjarstjórn hefur lýst því yfir að hún muni bæta það tjón sem breytingin kunni að valda einstökum aðilum.

Ofangreind deiliskipulagsbreyting hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og öðlast hún þegar gildi.

F.h. Akureyrarbæjar, 10. desember 2004.

Bjarni Reykjalín, skipulags- og byggingarfulltrúi.